**Útfararstofa kirkjugarðanna ehf, Útfararþjónusta borgarinnar ehf, Útfararmiðstöðin, Útfararstofa Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna**
**gera með sér svofellt**
**samkomulag**
**um greiðslur til söngvara starfandi við útfarir.**

**Gildir frá 1.2. 2025**

| Fj. | Söngv. | Laun | Undir-bún. | Líf.sj. | Trygg-gjald | Sjúkra og orlofs sj. | Fata-gjald | Orlof | Bifr. Gjald | Samt. á söngv. | Umsj. Gjald | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8,00 % | 6,35% | 1,25% | | 10,17 % | | | | |
| 1 | Einsöngur | 43.634 | 2.042 | 3.654 | 3.474 | 571 | 160 | 4.645 | 1.117 | 59.297 | 0 | 59.297 |
| 2 | Dúett | 32.726 | 2.042 | 2.781 | 2.647 | 435 | 160 | 3.536 | 1.117 | 45.443 | 0 | 90.886 |
| 3 | Tríó | 29.104 | 2.042 | 2.492 | 2.372 | 389 | 160 | 3.168 | 1.117 | 40.843 | 20.041 | 142.571 |
| 4 | Quartett | 24.002 | 2.042 | 2.083 | 1.985 | 326 | 160 | 2.649 | 1.117 | 34.363 | 20.041 | 157.493 |
| 5 | Söngv. | 21.826 | 2.042 | 1.909 | 1.820 | 298 | 160 | 2.427 | 1.117 | 31.601 | 20.041 | 178.044 |
| 6 | Söngv. | 20.661 | 2.042 | 1.816 | 1.732 | 284 | 160 | 2.309 | 1.117 | 30.121 | 20.041 | 200.766 |
| 7 | Söngv. | 20.197 | 2.042 | 1.779 | 1.697 | 278 | 160 | 2.262 | 1.117 | 29.531 | 20.041 | 226.755 |
| 8 | Söngv. | 19.837 | 2.042 | 1.750 | 1.669 | 273 | 160 | 2.225 | 1.117 | 29.074 | 20.041 | 252.633 |
| 9 | Söngv. | 18.845 | 2.042 | 1.671 | 1.594 | 261 | 160 | 2.124 | 1.117 | 27.814 | 20.041 | 270.370 |
| 10 | Söngv. | 18.374 | 2.042 | 1.633 | 1.558 | 255 | 160 | 2.076 | 1.117 | 27.216 | 20.041 | 292.201 |
| 11 | Söngv. | 17.915 | 2.042 | 1.597 | 1.523 | 249 | 160 | 2.030 | 1.117 | 26.633 | 20.041 | 313.000 |
| 12 | Söngv. | 17.467 | 2.042 | 1.561 | 1.490 | 244 | 160 | 1.984 | 1.117 | 26.064 | 20.041 | 332.807 |
| 13 | Söngv. | 17.030 | 2.042 | 1.526 | 1.456 | 238 | 160 | 1.940 | 1.117 | 25.509 | 20.041 | 351.661 |
| 14 | Söngv. | 16.605 | 2.042 | 1.492 | 1.424 | 233 | 160 | 1.896 | 1.117 | 24.968 | 20.041 | 369.600 |

**2. gr. Helgarvinnuálag**

Laugardaga og sunnudaga greiðist 42% álag á launaliði.

**3. gr. Mæting**

Söngvari skal mæta til starfa 15 mín fyrir athöfn. Þurfi söngvari að mæta fyrr eða á séræfingu greiðist samkvæmt 6. gr.

**4. gr. Ákvæði um einsöng**

Taxti einsöngvara miðast við 2 lög. Sé söngvari beðinn um að syngja fleiri lög hækkar gjaldið um 20% eða kr. 11.859,-. Um annað skal samið sérstaklega.

**5. gr. Hækkanir á samningstíma**

a) Ofangreind launatafla tekur gildi 1. febrúar 2007 með grunnlaunavísitölu í desember 2002, 228,7 stig, vísitölu í des 2005 273,9, desember 2006 300,8 stig, desember 2007 326,6 stig,desember 2008 353.6 stig, desember 2009

366,5 stig, júní 2010 378,3 stig, desember 2010 383.1 stig og í júní 2011 405 stig , í desember 2011 418,2 stig.
Júní 2012 433,1 stig, desember 2012 437,7 stig. Júní 2013 457,8 stig. Des 2013 463,8. Júní 2014 482,7 stig. Des.2014 494,6. Júní2015 517,1. Des. 2015 542,7. Júní 2016 581,6. Des. 2016 592,2. Júní 2017 623,8.
Des. 2017 632,8.Júní 2018 660.9. Des. 2018 670,7. Júní 2019 689,3. Des.2019 700,7 stig. Júní 2020 735,7 stig. Des.2020 751,2. Júní 2021 792,7. Des 2021 806,0. Júni 2022 856.7. Des. 2022 905,6. Júní 2023 949,7. Des. 2023 966,3.
Júní 2024 1.006,7. Des. 2024 1.027,8

b) 1. janúar 2004 3%

c) 1. janúar 2005 3%

e) Samningurinn fylgir launavísitölu og skulu laun uppreiknuð á 6 mánaða fresti, janúar og júlí ár hvert.

f) Tryggingagjald er samkvæmt ákvörðun Ríkisskattstjóra.

**6. gr. Séræfingar vegna umfangs**

Þurfi söngvari að mæta á æfingu vegna athafnar þar sem tónlistarflutningur er sérstaklega umfangsmikill eru æfingarlaun 50% af launum söngvara í 14 manna kór (samkv. launatöflu). Á hverja æfingu reiknast 1 klst í undirbúning og heimavinnu.

**7. gr. Kistulagningar og söngur í garði**

Við kistulagningu/söng í garði greiðist hverjum söngvara samkvæmt launum söngvara í 14 manna kór kr.24.968,-

**8. gr. Laun umsjónarmanna**

Laun umsjónarmanns kóra eru kr. 20.041 á athöfn. Umsjónargjald reiknast ekki á einsöng, dúett, kistulagningar og söng í garði

**9. gr. Ferðir**

Þurfi söngvari að ferðast milli sveitarfélaga (utan höfuðborgarsvæðisins) reiknast laun á klst. samkvæmt 50% af Launum söngvara í 14 manna kór (launaliður án undirbúnings) meðan á ferð stendur. Vegna notkunar á eigin bifreið söngvara greiðist samkvæmt ákvörðun RSK um bifreiðakostnað á km.

**10. gr. Önnur atriði**

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað í lausavinnusamning Félags íslenskra hljómlistarmanna.

**11. gr. Gildistími:**

Samkomulag þetta gildir frá 1.3 2003 til 31.12.2006 og framlengist um eitt ár í senn hafi því ekki verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

**12. gr. Ágreiningur**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Félagsdómi.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Reykjavík 13 /2 2003

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna

______________________________ ______________________________

F.h. Útfararstofu kirkjugarðanna

______________________________ ______________________________

F.h. Útfararþjónustu borgarinnar ehf

______________________________

F.h. Útfararmiðstöðvarinnar ehf

______________________________

F.h. Útfararstofu Íslands